

Capacent Ráðningar

VERKEFNALÓÐS



Landsvirkjun er leiðandi í raforkuvinnslu á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða verkefnalóðs á tæknideild orkusviðs.

Orkusvið ber ábyrgð á orkuvinnslu Landsvirkjunar og sölu á rafmagni bæði á almennum markaði og til stóriðju. Rekstur virkjana heyrir undir orkusvið. Tæknideild orkusviðs annast öll meiriháttar viðhaldsverkefni og fjárfestingar í aflstöðvunum. Deildin er rekin á verkefnagrunni og verkefnalóðsinn hefur yfirumsjón með verkefnaskrá tæknideildar og fylgist með framvindu verkefnanna. Lóðsinn leiðbeinir verkefnastjórum deildarinnar við gerð verkefnaáætlana og eftirfylgni þeirra og er þeim til faglegs ráðuneytis og stuðnings um stjórnun verkefna. Verkefnalóðs heyrir undir tæknistjóra orkusviðs með aðsetur að Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði verkefnastjórnunar
- IPMA vottun æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum, geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópastarfi ásamt hæfni til að miðla og leiðbeina
- Gott vald bæði á íslensku og ensku í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar
- Reynsla á sviði áætlanagerðar og gæðastjórnunar

Í boði er

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um ofangreint starf.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfa. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingi til starfa sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni.

Sérfræðingur í klínískum rannsóknum

Deildin klínískar rannsóknir tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og sér um frásogs- og klínískar rannsóknir sem framkvæmdar eru á vegum fyrirtækisins til að styðja við markaðsumsóknir lyfja.

Starfið felur m.a. í sér umsjón með framkvæmd á frásogs- og klínískum rannsóknum, hönnun rannsóknáætlana, frágangi á rannsóknarskýrslum og utanumhaldi á rannsóknargögnum. Sérfræðingurinn er í miklum samskiptum við aðrar einingar fyrirtækisins bæði hérlandis og erlendis sem og önnur erlend fyrirtæki.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í lyfjafræði, efnafræði eða heilbrigðisvísindum. Gerð er krafa um góða ensku- og tölvukunnáttu, nákvæm og öguð vinnubrögð. Þekking á GCP er kostur sem og reynsla af klínískum rannsóknum.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **20. desember nk.**

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com





Hugbúnaðarþróun Símans óskar eftir starfsfólki:

Hugbúnaðarprófari

Starfið felst í undirbúningi og framkvæmd prófana á hugbúnaði í þróun eða rekstri hjá Símanum.

Hæfniskröfur

- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf, gjarnan í tölvunar- eða kerfisfræði.
- Reynsla af notkun prófunartóla og aðferðum gæðastjórnunar er kostur.

Samþætting kerfa

Starfið felst m.a. í að samþætta hin ýmsu upplýsingakerfi Símans til að auðvelda flæði upplýsinga og efla sjálfsafgreiðslu.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.
- Reynsla á sviði samþættingar upplýsingakerfa, þar sem notuð eru ferlatól á borð við Tibco Business Works og Webmethods.

Viðmótsforritun

Starfið felst m.a. í að forrita virkni fyrir ytri og innri vefi Símans með tengingum við vefþjónustur eða gagnagrunna.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.
- Reynsla af viðmótsforritun (html, CSS, Javascript, Spring), Java og vefþjónustum.

Forritari C/C++

Starfið felst aðallega í forritunarverkefnum sem tengjast stórum gagnasöfnum.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði. Reynsla af C, C++ og SQL fyrirspurnum nauðsynleg.
- Þekking á Unix og Linux æskileg auk þess sem Perl- og skeljaforritun er kostur.
- Viðkomandi verður að eiga auðvelt með að setja sig inn í viðamikil verkefni.

Almennar hæfniskröfur til umsækjenda eru sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni til mannlegra samskipta.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Starfsmenn Hugbúnaðarþróunar Símans eru þátttakendur í fjölmörgum spennandi hugbúnaðarverkefnum, s.s. fyrir þriðju kynslóðar farsíma (3G), sjónvarp Símans, Ring og ýmsar farsímalausnir.

Viðkomandi aðilar koma til með að vinna sem hluti af öflugri teymi sérfræðinga hjá einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins þar sem beitt er agile aðferðum (Scrum).

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is

Umsóknarfrestur er til 21. desember.

Hjá Símanum er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda, velferð starfsmanna og hvetjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi.

Í boði er sveigjanleiki í vinnutíma og tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun.

800 7000 – siminn.is

Það er Síminn

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála, verkfræðingur í kerskála og sérfræðingur í viðhaldsáætlunum

Norðurál á Grundartanga óskar að ráða í þrjár lykilstöður hjá fyrirtækinu:

Framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála

Verksvið og ábyrgð:

- › Ábyrgð á rekstri og stjórnun í skautsmiðju og steypuskála
- › Stefnumótun, áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- › Þróun og eftirfylgni með verkferlum og gæðastöðlum
- › Virk þátttaka í framkvæmdastjórn Norðuráls á Grundartanga

Sérhæfðar hæfniskröfur:

- › Meistarapróf í verkfræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- › Sterk leiðtoga- og skipulagshæfni
- › Marktæk stjórnunarreynsla

Nánari upplýsingar veitir Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðssviðs í síma 430 1000.

Verkfræðingur í kerskála

Verksvið og ábyrgð:

- › Umsjón með tölvustýrðu framleiðsluferfi í kerskála
- › Rekstur kera og eftirlit með verkferlum
- › Greining og úrvinnsla framleiðsluupplýsinga
- › Virk þátttaka í sameiginlegum verkefnum milli deilda

Sérhæfðar hæfniskröfur:

- › Meistarapróf í rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun

Nánari upplýsingar veitir Halldór Guðmundsson deildarstjóri framleiðslustýringar í síma 430 1000.

Sérfræðingur í viðhaldsáætlunum

Verksvið og ábyrgð:

- › Gerð áætlana um viðhald til lengri og skemmri tíma
- › Skipulagning verka með áherslu á öryggi, umfang verks og helstu verkþætti
- › Þátttaka í öflugum viðhaldshópi sem sér um viðhald á háspennubúnaði, hafnarbúnaði og tengdum búnaði
- › Regluleg greining lykiltalna

Sérhæfðar hæfniskröfur:

- › Rafmagnstækniþræði, rafmagnsiðnfræði eða sambærileg menntun
- › Sveinspróf í rafvirkjun, reynsla af viðhaldi á háspennubúnaði, almennum rafbúnaði og vélbúnaði
- › Þekking á SAP tölvukerfi er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Jónsson deildarstjóri viðhaldsáætlana í síma 430 1000.

Almennar hæfniskröfur vegna allra starfanna:

- › Metnaður, öguð vinnubrögð og rík ábyrgðarkennd
- › Sterk öryggisvitund
- › Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að koma fram
- › Gott vald á töluðu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku
- › Góð almenn tölvukunnátta
- › Fyrri reynsla úr iðnaðarumhverfi er kostur

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 28. desember n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is, eða póstlagt umsóknina til Norðuráls á Grundartanga.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður

Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is



INN NES EHF.

Innnes er ein stærsta og öflugasta matvöruheildsala landsins og eru flest vörumerki fyrirtækisins neytendum vel þekkt. Innnes á ekki síst velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki sem starfað hefur hjá fyrirtækinu síðan það var stofnað árið 1987. Markmið Innnes er að vera ávallt í fararbroddi á sínu sviði hvað varðar vöru og þjónustu til viðskiptavina sinna og markaðssetningu á þeim.

Starfsstöð Innnes er að Fossaleyni í Grafarvogi, þar sem starfsmönnum er boðið upp á góða starfsaðstöðu og gott mótuneyti. Innnes er eigandi Selecta fyrirtækjaþjónustu sem sérhæfir sig í drykkjavörulausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Hjá Innnes starfar samhent liðsheild 98 starfsmanna, þar af 3 á Akureyri.

www.innnes.is

Nánari upplýsingar veitir:

Pórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með
20. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Framkvæmdastjóri

Heildverslunin Innnes ehf. óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í nýtt starf framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs.

Starfssvið:

- Ábyrgð á sölu og markaðssetningu á vörum og þjónustu Innnes til fyrirtækja og stofnana.
- Umbætur á skipulagi og ferlum sem tengjast fyrirtækjasviði.
- Áætlanagerð og eftirfylgni gagnvart starfsmönnum sviðsins.
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald.

Menntun og hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun og/eða þekking og reynsla af störfum í sambærilegu umhverfi.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarfyrirspurn og áætlunargerð.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Erum að bæta við okkur viðskiptavinum. Þurfum líka að bæta við okkur starfsfólki.

Vegna aukinna umsvifa og opunar nýs útibús að Ármúla 13a leitum við að öflugu fólki til starfa á viðskiptabankasviði og rekstrarsviði. Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf hjá traustu fyrirtæki.

MP banki stendur fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð í bankaðjónustu. Við gerum einnig kröfur til starfsmanna um frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnað til að ná árangri.

Viðskiptastjóri

Starfið felst í að veita faglega og trausta ráðgjöf til viðskiptavina í útibúi MP banka. Afla nýrra viðskiptavina og sinna langtíma viðskiptasambandi við þá. Hafa eftirfylgni með nýjum viðskiptavinum og flutningi viðskipta þeirra frá öðrum banka eða sparisjóði.

Hæfni og þekking

- BS próf í viðskiptafræði eða sambærilegt
- Reynsla af bankastörfum skilyrði
- Mikilvægt að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Gjaldkeri

Starfið felst í að veita viðskiptavinum faglega, trausta og snögga þjónustu í útibúi MP banka. Ýmis önnur verkefni svo sem uppgjör gjaldeyris og sjóða.

Hæfni og þekking

- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Reynsla af bankastörfum skilyrði
- Mikilvægt að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni

Starfið felst í virkri þátttöku í uppbyggingu gagnagrunna bankans með samþættingu gagna úr ýmsum kerfum. Starfsmaðurinn þarf að setja sig inn í gagna- og ferlaskipulag einstakra kerfa til þess að vinna úr þeim gögn til notkunar utan kerfanna. Starfið felur jafnframt í sér tilfallandi vinnu við gerð minni notendakerfa og gagnasöfnun fyrir skýrslugerð og greiningu.

Hæfni og þekking

- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni
- Þekking og reynsla á sviði forritunar
- Þekking og reynsla af gagnauvinnslu og gagnagrunnum
- Áhugi á fjármálum og bankastarfsemi
- Reynsla af starfi í banka eða fjármálastofnun er mikill kostur

Erlend viðskipti

Starfið felst í daglegri bakvinnslu á sviði erlendra viðskipta, umsjón með erlendum greiðslum, afstemmingum og skýrslugerð. Starfið felur einnig í sér mikil samskipti við erlendar bankastofnanir.

Hæfni og þekking

- Reynsla af sambærilegum störfum nauðsynleg
- Haldgóð þekking og reynsla af Swift greiðslum
- Mikilvægt að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Mjög góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri (hildur@mp.is). Umsóknarfrestur er til og með 21. desember. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á www.mp.is/starfsumsokn eða senda umsóknir á starf@mp.is.



BANKI

Borgartúni 26 • www.mp.is

Marel Food Systems er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3800 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuástöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mótuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttástöðu og gott félagslíf.

Við leitum að sérfræðipekkingu

Marel leitar að öflugum einstaklingum til að sinna krefjandi og fjölbreytilegum verkefnum á alþjóðlegum vinnustað. Nákvæmni, skapandi hugsun, sjálfstæði og samskiptahæfileikar eru mikilvægir eiginleikar. Einnig góð enskukunnátta. Umsækjendur geta þurft að ferðast erlendis vegna starfa sinna.

Vélahönnuður

Vélahönnuð vantar á vélahönnunarsvið. Starfið felur í sér vörubrúun á nýjum vörum sem og viðhald og aðlögun tækja og lausna að þörfum viðskiptavina. Hönnuðir fá tækifæri til að fylgja eftir tækjum allt frá hugmynd til afhendingar til viðskiptavina og taka þátt í prófunum skv. verkferlum Marel. Öll hönnun er gerð í 3D og fer fram í SolidWorks.

Æskilegir eiginleikar:

- menntun á sviði vélaverkfræði, véltækni- eða véliðnfræði
- reynsla af 3D teikniforritum svo sem SolidWorks eða Inventor

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri, kristjan.hallvardsson@marel.com, í síma 563 8000.

Tækjaforritari

Tækjaforritari vantar á tækjahugbúnaðarsvið til að vinna við þróun hugbúnaðar fyrir tæki og lausnir í matvælaíðnaði. Starfið krefst færni í hugbúnaðargerð þar sem m.a. er fengist við myndgreiningarkerfi, servóbúnað og rauntímaforritun. Áhugasömum gefst kostur á að vinna með hópi sérfræðinga að hönnun nýrra tækja, allt frá hugmynd að uppsetningu hjá viðskiptavini og sjá afrakstur í verki.

Æskilegir eiginleikar:

- menntun á sviði verk-, tækni- eða iðnfræði
- reynsla af forritun, s.s. C/C++
- innsýn í stýriforritun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.

Rafeindatækjahönnuður

Rafeindatækjahönnuð vantar til að vinna við þróun rafeinda- og hugbúnaðar. Meðal þeirra tækja sem eru hönnuð og framleidd á Íslandi eru rauntíma Linux stýritölvur og ýmis konar inn-og úteiningar, tengdar með Ethernet og CAN iðnaðarneti.

Æskilegir eiginleikar:

- reynsla af forritun í C
- reynsla í útlagningu á rafeindarásum
- þekking á FPGA tækni
- innsýn í myndgreiningartækni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.

Iðnaðarverkfræðingur

Iðnaðarverkfræðingur óskast á þjónustusvið til að sinna uppsetningum, kennslu, þjónustu og ráðgjöf við notkun á kerfishugbúnaði Marel. Fengist er við breytingar á framleiðsluferlum til að hámarka ávinning viðskiptavina um allan heim. Í starfinu felst einnig aðstoð við þjónustumenn dótturfyrirtækja Marel og svæðisbundin þjónusta á Marel kerfislausnum.


Æskilegir eiginleikar:

- iðnaðarverkfræði eða menntun á sambærilegu sviði
- færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum
- innsýn í framleiðsluferli er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur G. Arnarson, hugbúnaðarsérfræðingur, ingolfur.gauti.arnarson@marel.com, í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf, www.marel.com fyrir 14. desember nk. Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.

Viltu komast í fremstu röð í fjarskiptum?



Þróunar- og gæðadeild Mílu ehf. óskar eftir að ráða tækni- eða verkfræðing í hópinn. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í síbreytilegu tæknihverfi.

Helstu verkefni

- Gerð langtímaáætlana fyrir fjarskiptakerfi Mílu
- Þátttaka í vöruþróunarverkefnum á sviði fjarskipta
- Að fylgjast með nýjungum á markaðnum
- Þátttaka í verkefnum tengdum gæða- og öryggismálum
- Miðlun þekkingar og ráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tækni- eða verkfræði
- Almenn þekking á fjarskiptaumhverfi er kostur
- Æskileg þekking: netkerfi IP og ethernet, Unix, farsímakerfi, ljósleiðaratækni og örbylgjukerfi
- Gott vald á íslensku og ensku er nauðsynlegt og þekking á einu Norðurlandamáli er kostur
- Starfið krefst agaðra og skipulagðra vinnubragða og viðkomandi verður að vera opin/n fyrir nýjungum og eiga auðvelt með að miðla tæknilegum upplýsingum

Míla ehf. • Stórhöfða 22 • Sími 585 6000 • www.mila.is

Umsóknarfrestur er til og með **22. desember**. Umsóknir skal senda á umsoknir@mila.is

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Míla ehf. er lífæð samskipta á Íslandi og er í forystu á fjarskiptamarkaði. Míla sér um rekstur og uppbyggingu á fullkomnasta fjarskiptaneti á landinu.



Sjúkrabjálfarar

Sjúkrabjálfarar óskast til að annast rekstur sjúkrabjálfunarstofu Sunnuhlíðar

Upplýsingar veita: Jóhann Árnason, framkvæmdastjóri og Dagmar Huld Matthías-dóttir, hjúkrunarforstjóri í síma 560 4100, netfang johann@sunnuhlid.is og dagmar@sunnuhlid.is

Sunnuhlíðarsamtökin reka hjúkrunarheimili, dagvist og íbúðir fyrir aldraða við Kópavogbraut. Sjúkrabjálfunarstofa er í björtu og rúmgóðu húsnæði og vel búin tækjum.

Umsjónarmaður fasteigna

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða til starfa umsjónarmann fasteigna. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt starf í þjónustu við nemendur, starfsfólk og húsnæði skólans.

Leitað er eftir aðila með góða reynslu og þekkingu á rekstri, viðhaldi og stjórnun húsnæðis. Góðir samskiptahæfileikar skilyrði og iðnmenntun er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með **20. desember nk.** og skal umsóknum skilað á netfangið: geir@tskoli.is. Nánari upplýsingar veitir Geir Þorsteinsson, yfirmaður fasteigna, gsm 822-2332.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Framúrskarandi kennarar

óskast í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins

Tæknimenntaskólinn

- **Kennari í dönsku, hálf staða.** Kröfur: BA/MA í dönsku, kennslureynsla og kennsluréttindi.
- **Kennari í eðlis- og efnafræði, heil staða.** Kröfur: BS/MS í eðlis/efnafræði, kennslureynsla og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Kolbeinsdóttir, skólastjóri Tæknimenntaskólans, í síma 514 9301 og í tölvupósti, kk@tskoli.is.

Upplýsingatækniskólinn


- **Kennari á upplýsinga- og fjölmiðlabraut:** Faggreinar upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Gerð er krafa um kennsluréttindi og kennslureynslu.
- **Kennari á tölvubraut:** Vélbúnaður og netkerfi (CCNA). Gerð er krafa um kennsluréttindi og kennslureynslu.

Nánari upplýsingar veitir Bjargey Gígja Gísladóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans, í síma 514 9351 og í tölvupósti, bgg@tskoli.is.

Véltækniskólinn

- **Kennari í faggreinum vélstjórnar.** Óskað er eftir Véltæknifræðingi/vélaverkfræðingi með starfsreynslu sem vélfræðingur og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, egu@tskoli.is.



Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
Umsóknarfrestur til 20. desember.
Umsóknir sendist til bg@tskoli.is.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Snúðu við blaðinu

Nánari upplýsingar veitir Helga Jóhanna Oddsdóttir, mannaútsjóri Opinna kerfa, í síma 570-1000 eða á netfangi helga@ok.is. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má nálgast á www.ok.is. Umsóknir um ofangreind stöf berist á starfs Umsokn@ok.is fyrir sunnudaginn 20. desember merktar viðkomandi stafi. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



Fögnun breytingum

Sigurvil!!

Viljum við fá tækifæri til að kynnast þér nánar.

- Krafti, frumkvæði og þori til að lata að þér kveða í starfi
- Jákvæðni og hæfni til aðlögunar
- Haldbærri reynslu af sölustörfum
- Þekkingu og áhuga á upplýsingatækni
- Þekkingu á íslensku atvinnulífi og öflugtu tengslaneti
- Hæfni í mannlegum samskiptum og ögðum vinnubrögðum
- Góðri menntun sem nýst í starfi og hefur góð tök á enski og/ eða danski tungu

Heiðarleiki!

Ef þú býrð yfir eftirtöldum eiginleikum:

Opinn hugar

þjónustu sem Opin kerfi bjóða.

Hjá okkur starfar öflugt framlinu- og störskotalið. Við viljum efla það enn frekar með kappsumum og framúrskarandi **söluáðgjöfum** sem eru verðugir fulltrúar þeirra lausna, vöru og

Áð skapa eða tapa

viðskipta sem ber ábyrgð á þróun og rekstri OK-beint og öflun nýrra viðskiptavina. Opin kerfi starfækja www.okbeint.is, eina elstu og öflugustu vefverslun landsins fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Við leitum nú að framsæknum og öflugum **viðskiptastjóra ratrænna**

Opin kerfi reka verslun að Höfðabakka 9. Við leitum að kraftmiklum baráttujaxli til að styra áframhaldandi vexti verslunarinnar. **Verslunarstjóra** bíða spennandi verkefni og miklir möguleikar á að vaxa í starfi.

Félagaskiptagljugginn er opin og okkur vantar fleiri liðsmenn í sigurliðið

OPIN KERFI



ÞÝÐANDI

Menntunar - og hæfniskröfur

- Löggiltur skjalapýðandi
- Góð reynsla af þýðingum
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og norðurlandamálum
- Góð almenn tölvuþekking
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið

- Þýðing texta fyrir lyf og lækningatæki
- Textaskrif
- Yfirllestur og lagfæringar

Umsóknarfrestur er til 18. desember, 2009. Umsóknir skal senda á netfangið: elisabet.tomasdottir@icepharma.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet Tómasdóttir deildarstjóri skráningardeildar, á framangreindu netfangi.

icepharma

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðsetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Fjöldi starfsmanna er rúmlega 70. Icepharma er skípað hæfu starfsfólki með mikla þekkingu á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði. Það á að baki langan starfsaldur og hefur margþætta menntun á sviði lyfja- og hjúkrunarfræði.

VR 2009 VR 2008 VR 2007

Fyrirmyndarfyrirtæki VR

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is



Public Affairs Assistant

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Public Affairs Assistant lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 27. desember 2009. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Public Affairs Assistant. The closing date for this position is December 27, 2009. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

AÐSTOÐAR VERSLUNARSTJÓRI

Fyrirtæki með góða stöðu í bygginga- vörugæiranum óskar eftir að ráða aðstoðar verslunarstjóra í krefjandi starf.

Kröfur

- Reynsla nauðsynleg
- Metnaður og áráðni
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Æskilegur aldur 35 ára og eldri

Gott tækifæri fyrir réttan aðila. Laun í samræmi við árangur.

Umsóknir óskast sendar á netfangið: vinna111@internet.is fyrir 17.12.2009




Hrafnista auglýsir eftir starfsfólki í öll störf á nýju hjúkrunarheimili við Boðapíng í Kópavogi

Á næsta ári opnar nýr og glæsilegur þjónustukjarni við Boðapíng í Kópavogi. Í kjarnanum verður hjúkrunarheimili á vegum Hrafnistu með 44 hjúkrunarrýmum, þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara og einnig verður innangengt í þjónustu- og öryggisíbúðir að Boðapíngi 22-24. Í þjónustumiðstöðinni verður öll almenn starfsemi svo sem sjúkrapjálfun, íþróttir, sundlaug, hárgreiðslustofa, fótaaðgerðarstofa og félagsstarf aldraðra.

Ný hugmyndafræði í íslenskri öldrunarþjónustu

Hrafnista Boðapíngi verður rekin eftir nýrri hugmyndafræði í öldrunarþjónustu. Við tókum það besta frá sjálfstæðri búsetu og sameinum það öryggi hjúkrunarheimilis. Hugmyndafræðin byggir á þátttöku íbúa og aðstandenda í hinu daglega lífi heimilisins. Starfsfólk og íbúar vinna saman við að skapa heimilislegt, hlýlegt og virkt samfélag.

Allir áhugasamir eru boðnir velkomnir á kynningarfund sem haldinn verður að Hrafnistu Reykjavík 16. desember kl. 17:00

Hægt er að sækja um störf á www.hrafnista.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í móttökum Hrafnistu í Reykjavík og í Hafnarfirði.

Umsóknarfrestur er til 23. desember. Nánari upplýsingar eru veittar á kynningarfundum. Einnig er hægt að hafa samband við Hrönn Ljótisdóttur forstöðumann í síma: 693 9567 eða senda póst á hronnl@hrafnista.is

www.hrafnista.is



BARNVERNDARSTOFA

STÖRF ÆRAPISTA Í MST

Barnaverndarstofa hefur starfrækt svokallaða fjölkerfameðferð (Multisystemic Therapy - MST) sem er gagnreynd meðferð með fjölskyldum unglinga með alvarlegan hegðunarvanda sem annars þyrftu vistun utan heimilis. MST miðar að því að efla foreldrahæfni og bæta samheldni og samskipti í fjölskyldu. Meðferðin fer fram á heimili fjölskyldunnar og í nærsamfélagi í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila. Aðgengi er að ákveðnum meðferðaraðilum (þerapistum) í síma allan sólarhringinn.

Óskað er eftir einstaklingum með háskólapróf á sviði heilbrigðis- eða félagsgreina og góða faglega þekkingu og reynslu af meðferðarvinnu í 3 stöður þerapista sem mynda saman 3ja manna teymi undir stjórn handleiðara/teymisstjóra. Teymið er til viðbótar við það teymi sem nú starfar. Um er að ræða fullt starf og er unnið eftir meðferðarreglum og aðferðum MST í samstarfi við erlenda MST sérfræðing. Nánari upplýsingar um störf og ráðningarskilyrði er að finna á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu við viðkomandi stéttarfélag. Í byrjun fá starfsmenn 5 daga grunnþjálfun í MST og reglulega þjálfun í framhaldi.

Umsóknarfrestur er til 21. desember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 1.apríl. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Hauksson á Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknun má einnig skila rafrænt til halldor@bvs.is.

NORÐLENSKA

Verkstjóri í viðhaldi á Akureyri

Norðenska ehf. auglýsir laust starf verkstjóra í viðhaldi fyrir sláturhús og kjötvinnslu fyrirtækisins á Akureyri. Starf verkstjórans felst m.a. í umsjón með viðhaldi á framleiðslutækjum fyrirtækisins. Einnig að hafa samskipti við birgja og tæknimenn þeirra, sem og verkstjóra og vinnslustjóra Norðenska á Akureyri

Hæfniskröfur:

- Rafvirki og/eða vélvirki.
- Reynsla af viðgerðum og viðhaldi tækja.
- Reynsla af almennu viðhaldi.
- Æskilegt er að viðkomandi geti bjargað sér á ensku, skrifaðri og talaðri.
- Góð samskiptahæfni er nauðsynleg.

Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2009. Öllum umsækjendum verður svarað.

Frekari upplýsingar veitir Reynir B. Eiríksson framleiðslustjóri, reynir@nordlenska.is
Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið jona@nordlenska.is

Hugbúnaðarþróun

Sprotafyrirtæki á sviði viðskipta-hugbúnaðar leitar eftir starfsmanni með reynslu í kerfishönnun og forritun fyrir Internetið. Nánar á www.spennandi.com

Umsóknir sendist til box@frett.is merkt spennandi123 fyrir 21. desember.



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

Íslenski menningararfurinn - verkefnisstjóri

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi auglýsir laust til umsóknar hálf t starfsildir verkefnastjóra til 5 mánaða eða frá 1. febrúar 2010. Um er að ræða samvinnu- og tilraunaverkefni Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, Snorrastofu í Reykholti, Nepal - hugbúnaðar ehf. og Landnámsseturs. Markmiðið með verkefninu er að kenna íslenska bókmenntaarfinn í fjarámi í gegnum Internetið, en lítið er til Noregsmarkaðar í fyrstu en til framtíðar m.a. til annarra Norðurlanda, Þýskalands, Skotlands og Kanada.

Verkefnisstjóri leiðir þróunarstarf á sviði kennslu á Internetinu í nánu samstarfi við Nepal - hugbúnað og Snorrastofu.

Á meðal verkefna hans er:

- Umsjón með uppsetningu námskeiða um forníslenska menningararfinn á Internetinu í tilraunaskyni
- Leiðir þróunarverkefnið í samræmi við viðskiptaáætlun
- Hefur frumkvæði að því að byggja upp tengslanet og beitir sér fyrir öflugu samstarfi við alla hagsmunaaðila

Hæfniskröfur:

- Leitað er að einstaklingi sem á auðvelt með að takast á við fjölbreytileg verkefni, vinna í hópi, túlka og leiða samstarf á farsælan hátt
- Fjölbætt reynsla af verkefnavinnu er æskileg
- Innsýn og reynsla af fræðslustarfi er kostur
- Munnleg og skrifleg færni í amk. einu norrænu tungumáli og ensku er skilyrði

Umsóknun skal skilað til Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes, merkt: Íslenski menningararfurinn-verkefnisstjóri eða í tölvupósti á netfangi: ingadora@simenntun.is

Umsóknarfrestur er til 20. desember 2009.



Framkvæmdastjóri

SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, óska eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa í 80% starf.

Starfssvið

- Umsjón með daglegum rekstri
- Upplýsingar og ráðgjöf um skóla- og uppeldismál til foreldra, foreldrafélaga, skólaráða og annarra
- Viðhald og uppfærsla heimasíðu
- Fjármál
- Kynning, fræðsla og útgáfumál
- Þátttaka í nefndum og starfshópum um skóla- og uppeldismál

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf
- Góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli
- Þekking á skólamálu og þátttaka í foreldrasamstarfi í grunnskóla
- Góð tölvuþekking
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og færni í að koma fram fyrir hóp fólks
- Jákvæðni, frumkvæði og metnaður
- Skipulögð vinnubrögð

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. SAMFOK eru frjáls félagsamtök sem stofnuð voru árið 1983. Markmið samtakanna eru að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska, að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf, að vera sameiginlegur málsvári foreldra gagnvart stjórnvöldum, efla samstarf aðildarfélaganna og annast sameiginleg verkefni. Sjá nánar á www.samfok.is

Upplýsingar um starfið veita Hildur Björg Hafstein, formaður, gsm. 8959554/hildurbjorg66@gmail.com og Guðrún Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóri, gsm. 8992150, samfok@samfok.is.

Umsóknarfrestur er til 30. desember n.k. Umsókn ásamt ferilsskrá sendist SAMFOK, Suðurlandsbraut 24, 3. hæð, 108 Reykjavík eða á tölvupósti samfok@samfok.is

Suðurlandsbraut 24, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími: 562 7720, Netfang: samfok@samfok.is, Vefang: samfok.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

CINTAMANI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA FATAHÖNNUÐ Í TÍMABUNDIÐ STARF

Við leitum að skapandi einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna með góðum hópi.

HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun í fatahönnun skilyrði.
- Góð reynsla í fatahönnun og fataframleiðslu skilyrði.
- Góð þekking á sniðagerð æskileg.
- Góð enskukunnátta, bæði töluð og skrifuð.
- Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu, þ.a.m. í Illustrator, Photoshop og helstu Office forritum.
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á tísku og útivist.

Starfið er mjög fjölbreytt og viðkomandi kemur til með að koma að hinum ýmsu ferlum sem tengjast því að skapa og byggja upp vörulínu í samvinnu með öðrum hönnuðum.

Starfið er tímabundið til 1 árs, en með möguleika á framlengingu.

Nánari upplýsingar veitir Elva Rósa Skúladóttir í síma 699-7911 og á netfanginu starfsumsoknir@sportis.is

Áhugasamir eru beðnir um að skila inn ferilsskrá sem greinir frá menntun og fyrri störfum í tölvupósti á netfangið starfsumsoknir@sportis.is merkt „Fatahönnuður“ fyrir 20. desember nk.



Laust starf hjá Arion banka

Fjárstýring og markaðsviðskipti

Við leitum að öflugum starfsmanni í krefjandi starf við afleiður og vaxtajöfnuð á sviði fjárstýringar og markaðsviðskipta hjá Arion banka

Helstu verkefni

- Umsjón með verðlagningu og áhættu bankans í tengslum við viðskipti með afleiður
- Vinna við stýringu lausafjár og vaxta
- Ýmis tengd verkefni sem varða fjárstýringu bankans


Við bjóðum:

- Krefjandi og skemmtileg verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Frímánn Gunnarsson, forstöðumaður, netfang olafur.gunnarsson@arionbanki.is
Tengiliður á starfsmannasviði er Ásrún Lára Arnþórsdóttir, netfang asrun.lara.arnthorsdottir@arionbanki.is, sími 444 6395.

Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans www.arionbanki.is
Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.



Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða öðrum raungreinum
- Frumkvæði, og hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af starfi hjá fjármálafyrirtæki er kostur

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafa og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt.

Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavinum okkar í fyrsta sæti.

Arion banki

SÖLUFULLTRÚAR Í SÍMASÖLU

Viljum ráða kröftuga og drífandi einstaklinga til starfa í símaveri. Góð grunnlaun og árangurstengdir bónusar í boði. Unnið er mán.–fim. frá kl. 18–21. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla í sölumálum
- Gott málfar og samskiptahæfileikar
- Tölvukunnátta
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Við hvetjum áhugasama til að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið box@frett.is, merkt „símasala“.

Umsóknarfrestur er til og með 16. desember 2009.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tilkynningar

Happdrætti Sjálfsbjargar

- Vinningaskrá. Dregið var í happdrætti Sjálfsbjargar Ísf á Alþjóðadegi fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum. 3. desember

Bífreidd að eigin vali frá Bernhard ehf. kr. 3.000.000.-
31849

Ferðavinningar með Úrval-Útsýn kr. 160.000.-

1766	7419	7906	9735	9795	10959	13368	14942	18563	20528
26865	28994	39633	44569	48258					

Vöruúttektir frá Kringlunni eða Smáralind kr. 100.000.-

1039	13037	36952	43210
1307	17867	37707	44833
3030	24693	43023	47953
11052	31481	43126	52291

Vöruúttektir frá Kringlunni eða Smáralind kr. 50.000.-

232	4346	8525	12066	20344	26388	30832	36865	41645	51124
367	4634	8609	12497	20823	26484	31455	36894	41729	51413
414	5012	8654	12894	21588	26863	31680	37569	41884	51452
458	5378	9429	14818	22200	27379	31745	37702	42973	51940
805	5476	9533	14982	22282	27535	31857	37769	42985	51942
864	5765	9737	15060	22831	27622	32491	38121	43510	53194
1122	5981	9941	15164	22927	27710	32563	38436	44123	53287
1142	6070	9989	16119	23106	27934	33388	38559	44627	53414
1556	6358	10115	16120	23318	27962	33705	38933	45930	54128
2114	6608	10241	16313	23375	28140	34363	39015	46278	54637
2199	7020	10389	16470	24087	28258	34401	39411	46405	
2205	7064	10517	16958	24141	28393	34584	39812	46663	
2218	7389	10743	18172	24432	28826	34883	39831	46691	
2425	7520	11387	18320	25418	29759	35190	40110	47233	
2911	7666	11755	18708	25469	30064	35502	40397	47414	
2994	7923	11968	18821	25700	30335	35610	40472	47780	
3055	7983	12020	19395	25708	30383	36000	40939	47829	
3458	8075	12051	20333	26047	30549	36545	41449	49595	

Þökkum veittan stuðning

Sjálfsbjörg Ísf.

Hátún 12, 105, Reykjavík, s. 550-0360



Birt án ábyrgðar

www.vinna.is



Útboð

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. óskar eftir tilboðum í verksamninginn:

Urðunarstaður við Smiðjutröð í Reykjanesbæ – lokun

Verkið felst í lokun á aflögðum urðunarstað með lagskiptri yfirborðspéttingu.

Helstu verkþættir og áætlað magn er:

Yfirborðspétting:	
- uppfyllingarlag	11.100 m ³
- jöfnunarlag	24.400 m ³
- þétt jarðlag	61.700 m ³
- þekjandi yfirborðslag	35.800 m ³
- hriprásir	7.100 m ³
Skurðir/svelgir:	600 m
Uppýting og útjöfnun svarðlags:	15.000 m ²

Útboðsgögn verða seld hjá Almennu verkfræðistofunni á afgreiðslutíma frá kl. 8:30 til 17 (15 á föstudögum), að Fellsmúla 26, 4. hæð, frá og með miðvikudeginum 16. desember 2009, á 5.000 krónur hvert eintak. Tilboðum skal skila á sama stað, þriðjudaginn 19. janúar 2010, eigi síðar en kl. 11:00.



MINISTRY OF SOCIAL AFFAIRS
AND SOCIAL SECURITY

The Development Fund for Immigration Issues is open for application for the year 2009.

The Immigration Council announces that they are open for applications for grants from the Development Fund for Immigration Issues. The Fund's purpose is to enhance research and development projects in the field of immigration issues with the goal of facilitating mutual adjustment between immigrants and Icelandic society. This time special emphasis will be placed on the following challenges:

- The impact of the economic situation on the position of immigrants and, in particular, the impact of long-term unemployment.
- Emphasis of the government action plan for immigration affairs.

Other projects will also be considered.

Grants must, as a rule, be awarded to associations, unions and public entities. Immigrant grassroots associations and interest groups are encouraged to apply to the Fund. Individuals will, as a rule, only be awarded grants for research. The funds available are ISK 10 million. Grants can be for up to half the total cost of a project. Applications can be written in Icelandic or English.

The closing date for applications is 15. January 2010. Applications for grants must be made on special forms which are available from the web-site of the Ministry of Social Affairs and Social Security, www.felagsmalaraduneyti.is. There you may also find the Icelandic government's policy on immigrant affairs, the government action plan on immigrant affairs and the Rules for the Development Fund for Immigration Issues, with further information on preconditions for the awarding of grants. Confidentiality is maintained in the handling of applications.

Further information is available from the Ministry of Social Affairs and Social Security on telephone No. 545 8100 and by e-mail from: linda.ros.alfredsdottir@fel.stjr.is



FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir úr þróunarsjóði innflytjendamála 2009

Innflytjendaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála með það að markmiði að auðvelda gagnkvæma aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags. Að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi viðfangsefni:

- Áhrif efnahagsástandsins á stöðu innflytjenda og þá sérstaklega langtíma-atvinnuleysi.
- Áherslur framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda.

Önnur verkefni koma einnig til álita.

Styrkir verða almennt veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum. Grasrótar- og hagsmunafélög innflytjenda eru sérstaklega hvött til þess að sækja um í sjóðinn. Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna. Til ráðstöfunar eru 10 milljónir króna. Styrkir geta verið að hámarki helmingur heildarkostnaðar verkefnis. Unnt er að sækja um á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2010. Sótt skal um styrk á sérstöku umsóknareyðublaði sem er aðgengilegt á vefsíðu félags- og tryggingamálaráðuneytis, www.felagsmalaraduneyti.is. Þar er einnig að finna stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda og reglur þróunarsjóðs innflytjendamála með nánari upplýsingum um skilyrði styrkveitinga. Trúnaðar er gætt við meðferð umsókna.

Nánari upplýsingar fást í félags- og tryggingamálaráðuneyti í síma 545 8100 og með tölvupósti á netfangið: linda.ros.alfredsdottir@fel.stjr.is



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing um styrki til námskeiða í íslensku vorið 2010

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Úthlutun miðast við þá fjárhæð sem Alþingi ákveður að verja til þessa verkefnis vorið 2010.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna fylgja umsókninni.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi. Umsóknareyðublað og úthlutunarreglur eru aðgengilegar undir flokknum sjóðir og eyðublað á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis: menntamalaraduneyti.is. Umsóknir skal senda á postur@mrn.stjr.is. Umsóknarfrestur er til 30. desember 2009.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
10. desember 2009

Fasteignir

Einbýli/Penthouse óskast

Óska eftir einbýli eða penthouse í Kóp/Gbæ/Hfj til leigu í amk 1 ár með kauprétti að þeim tíma liðnum. Aðeins mjög vonduð eign kemur til greina, amk 250fm og helst á einni hæð. Greiðsluhugmynd 200-350þ á mán og veltur á gæði eignar. Há fyrirframgr. í boði fyrir rétta eign.

Áhugasamir sendið upplýsingar á halldor74@hotmail.com

KAUPANDA AÐ GEYMSLUHÚSNÆÐI

Hef ákveðin kaupanda að 150-200fm geymsluhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu með skrifstofuaðstöðu eða millilofti.

Nánari uppl. veitir Haukur Geir í 822-4850

Tilboð óskast



Tilboð óskast

Tilboð óskast í KRUZ FST-25 malarvagn, árgærd 2005. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 15. des. 2009. Vagninn er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Sölutorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bílreiðar og munir í eigu félagsins.



Tilboð óskast



Tilboð óskast

Tilboð óskast í Mercedes Benz Actros 2654 dráttarbil, árgærd 2006, skemmd eftir óhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 15. des. 2009. Bílreiðin er til sýnis við aðsetur Öskju ehf, Krókháls 110 Reykjavík.

Einnig er bent á Sölutorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bílreiðar og munir í eigu félagsins.



Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

59%

Lesa bara
Fréttablaðið

8,8%

Lesa bara
Morgunblaðið

32,2%

Lesna bæði
Fréttablaðið og
Morgunblaðið

Auglýsing í
Fréttablaðinu
nær til yfir

91%

lesenda

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Bláðakannanir Capacent maí-okt. 2009.



Allt sem þú þarft...